



Annarbyrjun

Önnin fór vel af stað. Stundatöflur voru afhentar 4. janúar og kennsla hófst næsta dag.

Kennaraliðið er lítið breytt en Ásdís Sigurgestsdóttir kom inn í kennarahópinn og kennir dönsku.

Mikil aðsókn var að skólanum fyrir vorönnina og þurfti að neita á annað hundrað nemendum um skólavist. Staðan í framhaldsskólamállum er þannig að nemendur þurfa að passa upp á plássin sín.

Skólasókn á haustönninni var betri en oft áður. Þó má vissulega gera betur og var nokkrum tugum nemenda neitað um skólavist á vorönn vegna slakrar skólasóknar.

Forráðamönnum er bent á að fylgjast vel með skólasókn ungmenna sinna og hafa samband við umsjónar-kennara ef þeir hafa einhverjar spurningar. Viðvörunarbréf vegna slakrar skólasóknar verða send í næstu viku. Ennfremur má benda á að um mánaðarmótin febrúar/mars verður miðannarmat fært inn sem endranær og sést þar hvernig nemandinn hefur staðið sig.

Björkvöld

Fyrirspurnir hafa borist skólanum um svokölluð björkvöld. Af því tilefni viljum við ítreka að björkvöld eru aldrei á vegum nemendafélagsins eða skólans. Hvetjum við foreldra til að setja sig í samband við skólann ef þeir eru í vafa um hver stendur fyrir skemmtunum. Eins [er listi á heimasíðu FG](#) yfir þá atburði sem NFFG stendur fyrir.



Álfheiður Gló Einarsdóttir hjá verki sínu á klippi-mynda-samkeppni Listasafns Reykjavíkur.

Deilur um áfengismæla

Taksvert hefur verið fjallað um notkun áfengismæla á skóladansleikjum nemenda á vefsetri [Pressunnar](#) og hafa nemendafélög [FG](#), [VMA](#) og [Versló](#) látið í sér heyra. Markmið skólayfirvalda er skýrt. Skólinn vill koma í veg fyrir drykkju ólöggráða unglunga, sér í lagi beinir hann sjónum sínum að yngsta aldursflokknunum og vitnar í því sambandi m.a. til [Sigurínar Davíðsdóttur](#) dósents í uppeldis- og menntunarfræði við HÍ, sem sagði á fundi hjá **Náum áttum hópnum**: „... að því lengur sem hægt væri að fresta byrjunaraldrinum [á áfengisneyslu] því minni lýkur væru á að unglingar lentu í erfiðleikum og að vandamálin yrðu alvarlegri því fyrr sem drykkjan byrjaði.“

Imbruvikan

Hin árlega Imbruvika nemenda verður 22. – 23. febrúar. Þá verður hefðbundin starfsemi brotin upp. Þema daganna er Japan og verður lögð áhersla á að kynna japanska menningu. Hápunktur Imbrudaganna er svo frumsýning söngleiks og árshátíð nemenda. Engin kennsla verður 24. – 25. febrúar



Útskrift haust 2010. Smellið á myndina til að fara á myndasafn.